



26. október 2020

Græna planið: Tillaga um þátttöku í Grænum hraðli

Lagt er til að Reykjavíkurborg gerist aðili að Grænum hraðli sem einn af bakhjörllum verkefnisins og leggi fram 10 milljónir króna til þess, enda náist að fjármagna það í samræmi við verkefnisáætlun og gera um það sérstakan samning.

Greinargerð

Borgarráð samþykkti sl. vor tillögu um Græna planið, áætlun um efnahagslega endurreisn eftir samdráttinn sem leiða mun af faraldri kórónaveiru. Reykjavíkurborg hefur fengið boð um að gerast bakhjarl í Grænum hraðli sem er samstarfsverkefni Þróunarfélaganna á Breiðinni og á Grundartanga.

Það tengist að minnsta kosti þremur áherslupáttum Græna plansins: grænni nýsköpun, loftslagsmálum og undirbúningi Evrópuumsókna um græn verkefni.

Grænn hraðall er 10 vikna viðskiptahraðall sem er ætlað að draga fram, efla og þróa tækni og aðferðir sem raunverulega leysa aðsteðjandi úrlausnarefni í umhverfismálum með það fyrir augum að þátttakendur verði í lok hraðals í stakk búin til að sækja styrki í Innovation Fund Evrópusambandsins.

Reykjavíkurborg mun eiga sæti í stýrihópi hraðalsins og jafnframt tilnefna sérfræðinga og/eða verkefni og hugmyndir sem þróuð verði innan hraðalsins.

Þar sem verkefnið er á sviði nýsköpunar fer tillagan um þátttöku í verkefninu fyrir fund mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs til umfjöllunar og afgreiðslu með fyrirvara um fullnaðarafgreiðslu í borgarráði sem samþykki fjármögnun hennar.

Dagur B. Eggertsson